

**Sþ.**

**815. Tillaga**

til þingsályktunar um afnám innflutningshafta.

Flm.: Jakob Möller.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fella úr gildi reglugerð um takmörkun á innflutningi á óþörfum varningi frá 23. október 1931.

**G r e i n a r g e r ð .**

Með reglugerð frá 2. okt. 1931 er bönkunum veitt aðstaða til þess að ná umráðum yfir öllum erlendum gjaldeyri, sem til fellur í landinu. Jafnframt er lagt fyrir bankana að „takmarka sölu á gjaldeyri til kaupa á ónauðsynlegum varningi eftir því sem við verður komið“. Reglugerðin frá 23. október virðist því vera alveg óþörf, auk þess sem hún bakar mönnum óþarfa fyrirhöfn og ríkissjóði ekki óveruleg útgjöld.